



Kópavogi, 20. október 2020.

Fjárlaganefnd Alþingis
Willum Þór Þórsson

Efni: Umsögn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu við frumvarp til fjárlaga 2021 og fjármálaáætlun 2021-2025.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) vilja með umsögn þessari um fjárlagafrumvarp Alþingis leggja áherslu á eftirfarandi þætti:

- a) Í fyrsta lagi er mikilvægt er að samkomulag ríkis og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um uppbyggingu á samgönguinnviðum og almenningsamgöngum á höfuðborgarsvæðinu endurspeglar í endanlegum fjárlögum og fjármálaáætlunum ríkisins.
- b) Í öðru lagi er mikilvægt að þeir þættir sem snúa m.a. að fjármögnun þjónustu við fatlað fólk og rekstur hjúkrunarheimila verði leiddir til lykta, þannig að málaflokkarnir séu að fullu fjármagnaðir af ríkinu.
- c) Í þriðja lagi og það sem SSH vill gera að aðalefni þessara umsagnar eru áhrif Covid-19 á fjármál sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og mikilvægi almenns stuðnings ríkisins við sveitarfélögin vegna þeirra.

Áhrif Covid-19 á fjármál sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu.

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa á undanförmum mánuðum unnið greiningar¹ á áhrifum Covid-19 á fjárhag sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Í fyrstu var talið að höggið og tekjufall í samfélaginu myndi standa í stuttan tíma eða 3 - 6 mánuði. Eftir því sem faraldrinum hefur undið fram um allan heim telja nú fleiri líklegt að niðursveiflan muni standa um lengri tíma og efnahagslegra áhrifa hennar gæta um enn lengri tíma. Þetta kallar á aukinn stuðning við sveitarfélögin í formi beinna óendurkræfra fjárframlaga úr ríkissjóði, auk tryggs aðgangs að lánsfé á hagkvæmum kjörum.

¹ Greiningar SSH er ákveðin talnaleg nálgun og mat hverju sinni og því birtar með ákveðnum fyrirvara. Þó er ekkert sem fram hefur komið sem sýnir að þær greiningar sem komið hafa fram frá SSH séu á þessum tímamarki rangar.



Í apríl á þessu ári var unnið minnisblað á vettvangi SSH (fylgiskjal 1), þar sem bent var á að áætlaður tekjumissir og kostnaðarauki sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu á árunum 2020 og 2021 gæti verið rúmlega 50 milljarðar kr. Var í sama minnisblaði því lýst að „*ekki sé fjarri lagi að 50² milljarðar kr framlag til sveitarfélaganna á öllu landinu myndi leiða til þess að sveitarfélögin gætu haldið uppi öfluglu þjónustu og framkvæmdastigi um land allt í stað þess að vera nauðbeygd til þess að skerða þjónustu, fresta framkvæmdum og festa sig í auknum skuldum til framtíðar*“.

Nú í september var unnin samantekt hjá SSH byggð á samantekt fjármálastjóra sveitarfélaganna innan SSH um áhrif á fjárhag sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu á árinu **2020** vegna Covid-19:

- a) Áætluð lækkun tekna er 20.4 milljarðar kr.
- b) Áætluð hækkun rekstrarkostnaðar eru 3.8 milljarðar kr.
- C) Flýtiframkvæmdir eru 3.3 milljarðar kr. Til upplýsinga er heildarfjárfesting sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu á árunum 2020 og 2021 nú áætluð um 110 milljarðar kr.
- d) Áhrif á rekstur Byggðasamlaganna á höfuðborgarsvæðinu er um 1. milljarðar kr. Þar af 820 milljónir hjá Strætó bs. Hjá slökkviliði höfuðborgarsvæðisins er talan áætluð um 127 millj. kr miðað við mitt árið 2020 og hefur hækkað eftir því sem liðið hefur fram á haustið.
- e) Miðað við stöðuna á Covid-19 í dag er ljóst að enn mun reyna á fjárhag sveitarfélaganna og byggðasamlög þeirra.
- f) **Samtals eru þetta um 28.5 milljarðar kr.**

Af ofangreindu má sjá að gangi sú spá eftir er varðar áhrif Covid-19 á fjárhag sveitarfélaganna mun það hafa áhrif á fjárhagslega getu þeirra til að viðhalda þjónustu- og framkvæmdastigi.

Aðgerðir á Norðurlöndunum er varða sveitarfélögin.

Skóðað hefur verið á vettvangi sveitarfélaganna hvernig ríkisstjórnir á Norðurlöndunum hafa brugðist við gagnvart sveitarfélögunum vegna áhrifa af Covid – 19.

- a) Niðurstaða Sambands íslenskra sveitarfélaga³ er varðar aðgerðir ríkisstjórna á Norðurlöndum fyrir sveitarfélög vegna Covid-19 leiðir í ljós að **ekki verði annað**

² Á fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna 1.okt 2020 kom fram að greining SSH var í takti við mat sérfræðinga á fjárhagslegu áfalli sveitarfélaganna vegna Covid 19.

³ Minnisblað Sambands Íslenskra Sveitarfélaga – Sigurður Snævarr 23.september 2020.



séð en að ríkissjóðir annars staðar á Norðurlöndum muni styðja myndarlega við sveitarfélögin og þá almanna þjónustu sem þau veita íbúum sínum.

- b) Í Svíþjóð sem dæmi eru veitt almenn framlög sem greiðast til sveitarfélaga eftir **höfðatölu** og hins vegar sérstök framlög vegna **aukakostnaðar** af ýmsu tagi.
- c) Í Danmörku sem dæmi eru veitt framlög til sveitarfélaga og lögð áhersla á viðhaldsverkefni.

Á Norðurlöndunum hafa ríkisstjórnir síðan komið að málum með sértækum hætti s.s. framlögum vegna tekjuáfalla í almenningsamgöngum landanna.

Hagfræðileg umfjöllun er varðar stuðning ríkisins við sveitarfélögin á tímum Covid-19.

- a) Aðgerðir ríkisstjórnarinnar s.s. að viðhalda háu framkvæmdastigi, hlutabótaleiðum, stuðning við atvinnulíf o.s.frv. munu koma sveitarfélögunum til góða m.a. er varðar áhrif á útsvar. En meira þarf til. Mikilvægt er að þjónustu- og framkvæmdastig sveitarfélaganna geti haldið í og verið í samræmi við efnahagsstefnu landsins.
- b) Áhrif Covid-19 munu hafa gríðarlega áhrif á fjárhag sveitarfélaganna eins og fram hefur komið. Um leið er ljóst að mikilvægi nærþjónustunnar sem sveitarfélögin veita hefur sjaldan verið meiri á tímum sem þessum. Verði efnahagslegum áhrifum af faraldrinum velt yfir á fjárhag sveitarfélaganna m.a. með stóru aukinni lántöku er tvennt ljóst:
 - a. Í fyrsta lagi myndi það hafa langvarandi og lamandi áhrif á skóla- og velferðarþjónustuna við íbúa vegna þeirrar hagræðingar og niðurskurðar sem auknar skuldir, vaxtarkostnaður og afborganir gætu haft í för með sér.
 - b. Í öðru lagi væri sveitarfélögunum ekki fært að taka þátt í því viðnámi, hvorki í veittri þjónustu, vinnumarkaðsaðgerðum eða verklegum framkvæmdum sem þarf til að samfélagið komist hratt á nýjan og betri stað, með auknum umsvifum og atvinnu um leið og faraldurinn leyfir.
- c) Það er því mikilvægt að sveitarfélögin hafi nægan fjárhagslegan styrk og svigrúm til þess að halda uppi þjónustu við íbúa svæðisins, ráðast áfram í nauðsynlega fjárfestingu og uppbyggingu og tryggja framlög til skólahalds, velferðarþjónustu, íþróttar- og menningarstarfsemi svo fátt eitt sé nefnt.
- d) Í þessu ljósi er mikilvægt að ríkissjóður komi að málum⁴, enn frekar, með sértækum og almennum aðgerðum, beinum óafturkræfum fjárhagslegum stuðningi til að verja þjónustu og starfsemi sveitarfélaganna.

⁴ OECD hefur sent frá sér skilaboð um mikilvægi aðkomu ríkisins að rekstri sveitarfélaga á tímum COvid 19. Heimild Krístrún Frostadóttir Kvikubanka.



- e) Þannig gætu sveitarfélögin haldið uppi öfluggu þjónustu- og framkvæmdastigi og unnið þannig með og í takt við þá hagstjórn sem í gangi er hjá ríkinu í dag.
- f) Komi ríkið ekki að málum getur minnkandi fjárhagsleg geta sveitarfélaganna haft neikvæð áhrif á þróun efnahagsmála til skemmri og lengri tíma.

Rökin fyrir ofangreindu eru einkum þau að sveitarfélögin standa frammi fyrir stóru fjárhagslegu verkefni og eiga erfitt með að draga saman seglin í nærþjónustunni s.s. er varðar mennta-og félagsmál, sér í lagi á tímum sem þessum. Þá gefur það augaleið að mikilvægt er að fylgja eftir efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og viðhalda þeirri fjárfestingagetu sem var til staðar hjá sveitarfélögum. Ef ríkið kemur ekki meira að fjármálum sveitarfélaganna er hættan sú að hið fjárhagslega gat verði fjármagnað með lántökum sveitarfélaganna sem á endanum leiðir til minni þjónustu- og fjárfestingalegrar getu sveitarfélaganna. Verði sveitarfélögin ekki í stakk búin til að fjárfesta samkvæmt núgildandi áætlunum og vera hluti af viðspyrnunni mun það vinna gegn efnahagsstefnu stjórnvalda, draga úr viðspyrnunni og hægja á bata efnahagslífsins.

Eins og af ofangreindu má leiða er mikilvægt að ríki og sveitarfélög nái saman um skilning á viðfangsefninu og byggi þá umræðu á sameiginlegum grunni fjárhagslegra gagna. Mun SSH ekki skorast undan frekari kynningu og vinnu í því efni.

Virðingarfyllst,

f.h Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Páll Björgvin Guðmundsson
Framkvæmdastjóri SSH



Höfuðborgarsvæðið, 20. apríl 2020.

Minnisblað.

Varðar: Áhrif Covid-19 á fjárhag og þjónustu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu.

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa á undanförunum vikum unnið að greiningum á áhrifum Covid 19 á fjárhag sveitarfélaganna. Í fyrstu var talið að höggið og tekjufall í samfélaginu myndi standa í stuttan tíma eða 3-6 mánuði. Eftir því sem faraldrinum hefur undið fram um allan heim telja nú fleiri líklegt að niðursveiflan muni standa um lengri tíma og efnahagslegra áhrifa hennar gæta um enn lengri tíma. Þetta kallar á aukinn stuðning við sveitarfélögin í formi beinna óendurkræfra fjárframlaga úr ríkissjóði, auk tryggs aðgangs að lánsfé á hagkvæmum kjörum.

Samkvæmt greiningum og upplýsingum frá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu hefur eftirfarandi verið tekið saman:

a) Tekjufall

Flest sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa verið að horfa til þeirrar sviðsmyndar að djúp niðursveiflan verði í 9-12 mánuði. Miðað við fyrirbyggjandi gögn frá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu, á þessum tímamarki, er áætluð lækking útsvarstekna sem og tekna frá Jöfnunarsjóði um 130.000 kr á hvern íbúa á árunum 2020 og 2021. Samtals eru þetta því um **30 milljarðar** kr í tekjulækkun hjá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu á þessu tímabili vegna lægra útsvars. Þá er ekki meðtalin sú tekjulækkun sem verður vegna niðurfellingar þjónustugjalda sveitarfélaga s.s. vegna þjónustu leik- og grunnskóla.

Minni umsvif í byggingageiranum mun hafa mikil áhrif á tekjur af byggingaréttargjöldum og gatnagerðargjöldum á öllu höfuðborgarsvæðinu. Ekki liggur fyrir nákvæm greining á þessum þætti en í Reykjavík, Mosfellsbæ og Hafnarfirði er gert ráð fyrir því að samtals munu þessar tekjur lækka um **15 milljarða** kr, að stærstum hluta í Reykjavík á fyrrgreindu tímabili.

Sveitarfélögin reka sameiginlegar almenningsgöngur (Strætó bs), meðhöldun úrgangs (Sorpu bs) ásamt Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins. Ferðum í almenningsgöngur hefur fækkað um 60% og áætluð tekjulækkun þessa árs er um **500 millj.** kr. sem kemur beint niður á fjárhag sveitarfélaganna. Minnkandi umsvif á höfuðborgarsvæðinu leiðir til tekjulækkunar hjá Sorpu bs sem getur numið verulega tekjutapi. Þá er ónefndur sá kostnaður sem verður til með auknu álagi á Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins og almannavarnir á svæðinu.

b) Kostnaðarauki

Kostnaðarauki sveitarfélaganna felst m.a. í hækkun framlaga til velferðarþjónustu þ.m.t. félagslegarar þjónustu, fjárhagsaðstoðar og vegna húsnæðisbóta. Miðað við þær greiningar sem nú liggja fyrir má gera



råd fyrir því að hækkun kostnaðar þessara þátta séu að lágmarki um **8 milljarðar kr.** á því tímabili sem tilgreint er. Eru það um 35.000 á hvern íbúa á höfuðborgarsvæðinu. Ljóst er að kostnaður vegna þessa þátta mun áfram verða hár á komandi árum gangi spár um aukið atvinnuleysi eftir.

Þá er ótalinn fjármagnskostnaður og aukinn þungi afborgana sem óhjákvæmilega verður hjá sveitarfélögunum í ljósi tekjusamdráttar og kostnaðarauka, auk fjármögnunar aðgerða s.s. frestun fasteignagjaldatekna.

c) Fjárfestingar

Sveitarfélögin hafa verið hvött til þess að láta fjárfestingaáætlanir ganga eftir og helst flýta eða auka við framkvæmdir. Skv. framkvæmdaáætlunum sveitarfélaganna er ráðgert að fjárfesta fyrir um **52 milljarða kr.** á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2020 og með auknu fjármagni og flýtingum um **55 milljarða kr.** Samtals eru þetta um **110 milljarða kr** fjárfestingar sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra á árunum 2020 og 2021.

Samantekt:

Áhrif Covid-19 mun hafa gríðarlega áhrif á fjárhag sveitarfélaganna. Um leið er ljóst að mikilvægi nærþjónustunnar sem sveitarfélögin veita hefur sjaldan verið meiri á tímum sem þessum. Verði efnahagslegum áhrifum af faraldrinum velt yfir á fjárhag sveitarfélaganna með stóruáttinni lántöku er tvennt ljóst:

Í fyrsta lagi myndi það hafa langvarandi og lamandi áhrif á skóla- og velferðarþjónustuna við íbúa vegna þeirrar hagræðingar og niðurskurðar sem slíkar skuldir, vaxtarkostnaður og afborganir myndu hafa í för með sér.

Í öðru lagi væri sveitarfélögunum ekki fært að taka þátt í því viðnámi, hvorki í veittri þjónustu, vinnu markaðsaðgerðum eða verklegum framkvæmdum sem þarf til að samfélagið komist hratt á nýjan og betri stað, með auknum umsvifum og atvinnu um leið og faraldurinn leyfir.

Það er því mikilvægt að sveitarfélögin hafi nægan fjárhagslegan styrk og svigrúm til þess að halda uppi þjónustu við íbúa svæðisins, ráðast í nauðsynlega fjárfestingu og uppbyggingu og tryggja framlög til skólahlalds, velferðarþjónustu, íþróttar- og menningarstarfsemi svo fátt eitt sé nefnt. Sveitarfélögin hafa hingað til ekki nýtt sér hlutabótaleið ríkisins í sinni starfsemi en gætu þurft að gripa til þeirra ráðstafana verið áhrif af Covid-19 á fjárhag sveitarfélaganna eins og lýst er hér að framan.

Gangi áhrif eftir, sem hér hefur verið lýst, mun rekstur sveitarfélaganna verða ósjálfbær um langan tíma og verður ekki leystur nema með miklum lántökum og niðurskurði í þjónustu sveitarfélaganna. Slíkar ráðstafanir munu leiða til mikils tjóns til allrar framtíðar fyrir íbúa svæðisins og þar með sveitarfélögin. Það er því mikilvægt að ríkissjóður komi að málum með almennum aðgerðum, beinum óafturkræfum fjárhagslegum stuðningi til að verja þjónustu og starfsemi sveitarfélaganna. Í ljósi þeirra greininga sem nú liggja fyrir og lýst er í þessu minnisblaði er ekki fjarri lagi að 50 milljarða kr. framlag, eða um 137.000 kr á íbúa til sveitarfélaga á árinu 2020 myndi leiða til þess að sveitarfélögin gætu haldið uppi öflugu þjónustu- og framkvæmdastigi um land allt í stað þess að verða nauðbeygð til þess að skerða þjónustu, fresta framkvæmdum og festa sig í auknum skuldum til framtíðar.



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Ofangreind samantekt hefur verið send fjármála- og efnahagsráðherra, Bjarna Benediktssyni.

Virðingarfyllst,
f.h stjórnar samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Páll Björgvin Guðmundsson
Frankvæmdastjóri

Sign.

Árman Kr. Ólafsson, bærarstjóri Kópavogsbæjar.
Ásgerður Halldórsdóttir, bærarstjóri Seltjarneskaupstaðar.
Dagur B Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkurborgar.
Gunnar Einarsson, bærarstjóri Garðabæjar.
Haraldur Sverrisson, bærarstjóri Mosfellsbæjar.
Karl M Kristjánsson, oddviti Kjósahrepps.
Rósa Guðbjartsdóttir, bærarstjóri Hafnarfjarðar.